



März / Mars 2018

isländisch

Guð er meiri en hjarta okkar!

(1Jóh 3,20)

**Guð er stærri!
God is greater!**

„Freunde des Wortes“

Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen
Tel.: 0049-172-5638432
Mail: mail@onword.de
homepage www.onword.de

Kæru vinir Orðsins,

Oftast er það í gegnum raunverulega reynslu sem Guð veitir okkur innsýn í leyndarmál sín. Ég minnst fundarins við unga konu. Hún átti í miklum erfiðleikum. Hún var af fátæku fólki komin en var mjög hæfileikarík. Hún hafði þegar á unga aldri aflað sér margvíslegrar reynslu en samt var hún oft sorgmædd. Hún hafði háleit markmið. En hún vildi ná þeim sjálf – á eigin spýtur. Nú var hún orðin einmana. Sumir vinirnir voru horfnir. Dulið stolt hennar hrakti burt vinina. Það sem eftir sat voru tár – örvænting, einmanaleiki og vonbrigði hennar með sjálfa sig.

„Ég get þetta ekki lengur! Ég held alltaf áfram að gera það sem ég vil ekki! Ég særi fólk og ýti öllum frá mér. Einhvern veginn getur enginn raunverulega lifað með mér – og ég ekki heldur með þeim!“ Ég horfði á tár hennar og heyrði aftur: „Ég get þetta ekki lengur!“

„Ég fordæmi þig ekki!“ sagði ég við hana eitt sinn eftir erfiða stund. „Og hvers vegna ekki?“ spurði hún svolítið undrandi. „Ég á það virkilega ekki skilið að einhver sé vinur minn!“ Í samtali okkar í framhaldi af þessu losnaði um hömlurnar og hún gat sagt allt og grátið eins og hún vildi. Allt var á sínum stað. Hún gat andað aftur. Augu hennar ljómuðu – full þakklætis. Ég mun aldrei gleyma þessu. Þarna var Guð að verki, hann hafði snert hana og læknað hana.

Kæru vinir Orðsins, „Hvað sem hjarta okkar kann að dæma okkur fyrir – þá er Guð meiri en hjarta okkar og þekkir allt!“ (1Jóh 3,20) Er þetta ekki huggun? – Ef okkur líður illa og kunnum engin ráð, þá er Guð nálægur, en hann er stærri og hann þekkir allt. Þessi trúarstaðfesta skapar nýtt lífsrými, sérstaklega þegar ekkert gengur upp hjá okkur! Svo skulum við halda áfram að segja við sjálf okkur: **Guð er stærri!** – **God is greater** Segjum það aftur! **Guð er stærri!** – **God is greater!** Þá munum við vaxa, fyrir augliti kærleika hans!

fyrir OnWordTeam

Meinolf Wacker